Nd. **166. Tillaga til þingsályktunar** [124. mál]

um framkvæmd lagaákvæðis um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja o. fl.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að gefa út reglugerðarákvæði um ókeypis símaafnot aldraðs fólks og öryrkja með lágmarkstekjur í samræmi við ákvæði um það efni í lögum um fjarskipti.

Einnig ályktar Alþingi að fela ráðherra að beita sér fyrir því, að aldrað fólk og öryrkjar fái verulegan afslátt við kaup farmiða með almenningsfarartækjum á landi, á sjó og í lofti.